

130. löggjafarþing 2003-2004.  
Þskj. 1033 - 695. mál.

**Munnlegt svar við fyrirspurn  
frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur  
um samstarf heilbrigðisstofnana**

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur beint til mín spurningu um samstarf heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni við Landspítala - háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Háttvirtur þingmaður vekur hér máls á mjög mikilvægu máli. Samstarf þessara tveggja aðalstofnana við ýmsar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hefur átt sér stað til margra ára og áratuga í ýmsu formi.

Samstarf þetta hefur verið á fjöldamörgum sviðum eftir því hvernig á hefur staðið á hverjum stað og hverjum tíma. Þetta samstarf hefur m.a. verið á sviði mönnunar, þjónustu, almennrar ráðgjafar og annars þess stuðnings sem stofnanirnar hafa haft þörf fyrir.

Hvað varðar **mönnunina**, þá hafa læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hafa hlaupið í skarðið þegar ýmsar heilbrigðisstofnanir úti á landsbyggðinni hafa á þurft að halda. Hefur þetta oft komið að mjög góðum notum til að viðhalda þjónustu á viðkomandi stað. Einnig hafa átt sér stað mannskípti til starfsþjálfunar á milli ákveðinna deilda, þar sem starfsfólk af landsbyggðinni hefur verið til þjálfunar á hinum stærri sjúkrahúsunum.

Þá hefur það einnig átt sér stað, að sérfræðingar í ýmsum greinum hafa farið á heilbrigðisstofnanirnar á landsbyggðinni til þess að veita þar **beina þjónustu** í ýmsum sérgreinum, starfað um nokkurra daga skeið og unnið í samstarfi við heimamenn. Hefur verið til dæmis um að ræða skurðlækningar af ýmsum toga, lyflækningar, geðlækningar, barnalækningar og fleira mætti telja.

Þá hefur um nokkurt skeið átt sér stað þróun í **fjarlækningum** milli stofnana. Hefur einkum verið um að ræða sendingar til myndgreiningar á milli stofnana, bæði til Landspítala - háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þessi þáttur fjarlækninga sem og aðrir þættir þess máls eru í mjög örri þróun og fylgist ráðuneytið með því af miklum áhuga, enda má telja víst að þetta geti verulega stutt við stofnanir úti á landsbyggðinni. Hefur ráðuneytið stutt við þessa þróun undanfarin ár og mun gera áfram.

Í tengslum við fjarþjónustu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni má nefna, að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur um nokkurt skeið boðið mörgum stofnunum upp á **þátttöku í fræðslufundum** sem fara fram á fjarfundaneti stofnunarinnar. Ráðuneytinu er kunnugt um að þetta hefur verið mjög vinsælt og örvandi og fræðandi fyrir margar þessara stofnana.

Virðulegi forseti.

Ég vona að ofangreindar upplýsingar svari fyrirspurn háttvirts þingmanns um samstarf heilbrigðisstofnana.

(Talað orð gildir)